

Til stjórnar [eða framkvæmdastjóra] NN ehf.

Vegna starfa okkar fyrir NN ehf., viljum við með bréfi þessu staðfesta samkomulag okkar um eðli og afmörkun þeirrar þjónustu sem þið hafið óskað eftir að við veitum.

Við munum að ósk ykkar og á grundvelli upplýsinga frá stjórnendum NN ehf. annast gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 20xx. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning ársins, efnahagsreikning í lok árs, yfirliti um sjóðstreymi og skýringar. Þjónusta okkar verður innt af hendi í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, um þjónustu sem þessa. Við munum hvorki endurskoða né kanna ársreikninginn og munum því ekki láta í ljós álit okkar á honum. Við gerum ráð fyrir að áritun okkar á ársreikning félagsins muni að jafnaði verða með eftirfarandi hætti:

*Við höfum annast gerð ársreiknings NN ehf. fyrir árið 20xx í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, um gerð óendurskoðaðra reikningsskila. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda NN ehf. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir ársreikningnum. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.*

Stjórnendur NN ehf. bera ábyrgð á nákvæmni og heild þeirra upplýsinga sem okkur eru látnar í té og eru jafnframt ábyrgir gagnvart notendum ársreikningsins. Þetta felur m.a. í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi og að réttum reikningsskilareglum sé fylgt. Vinna okkar er ekki skipulögð með það fyrir augum að leiða í ljós sviksamlegt athæfi, villur eða lögbrot en verðum við áskynja um slíkt munum við tilkynna það stjórnendum félagsins.

Ársreikningurinn verður settur fram í samræmi við lög um ársreikninga. Öll þekkt frávík frá ákvæðum laganna verða skýrð í ársreikningnum og til þeirra vísað í áritun okkar teljum við nauðsyn bera til.

Við væntum þess að bókhald félagsins, fylgiskjöl og aðrar upplýsingar verði til reiðu þegar kemur að gerð ársreikningsins.

[Þóknun okkar, sem fellur til greiðslu eftir því sem verkinu miðar áfram, verður í samræmi við þann tíma sem varið er til verkefnisins. Gjald fyrir hverja vinnustund hvers starfsmanns okkar miðast við ábyrgð hans, reynslu, menntun og hæfni.]

Bréf þetta gildir þar til það er fellt úr gildi, því breytt eða annað kemur í þess stað.

Um leið og við lýsum yfir ánægju okkar með að annast umrædda þjónustu fyrir NN ehf. óskum við eftir að bréfið verði undirritað af stjórn [stjórnendum] félagsins til staðfestingar á efni þess.

XYZ

Samþykkt af NN ehf

Dags,

Nafn, stjórnarformaður/framkvæmdastjóri